

Mál nr. 166/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Líftrygging með viðbótarvernd vegna sjúkdóms eða slysa.

Frávísunarkrafa. Óljós kröfugerð. Umfang bótaskylds tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 2. nóvember 2023 lenti M í umferðarslysi þar sem hann slasaðist alvarlega. Á slysdegi var hann með í gildi líftryggingu með viðbótarvernd vegna sjúkdóms eða slysa hjá V. M tók umrædda tryggingu í gegnum íslensku váttryggingamiðlunina X hinn 17. desember 2021. Í kjölfar umferðarslyssins tilkynnti M tjón sitt til V 20. nóvember 2023 á eyðublaði sem nefnist „Claim notification document in case of insured event...“. Lögmaður M sendi svo umboð sitt og gögn til X 25. nóvember 2023 og óskaði jafnframt eftir að fá gögn um tryggingar M hjá V. Með bréfi 23. apríl 2024 til X óskaði M eftir innborgun inn á tjón sitt og upplýsingum um hver næstu skref væru. Enn á ný sendi lögmaður M bréf og gögn til X 20. júní 2024 þar sem óskað var eftir að bótaskylda V yrði viðurkennd vegna líkamstjónsins. Í ágúst 2024 óskaði lögmaður M eftir mati á varanlegum afleiðingum slyssins og liggur matsgerð fyrir í málinu þar sem varanlegur miski M var metinn 42 stig og tímabundin óvinnufærni var metin frá slysdegi til 2. ágúst 2024. Það var svo 28. nóvember 2024 sem M barst bréf frá V sem nefndist „Niðurstaða bótamats“. Í bréfinu var vísað til bótakröfu lögmanns frá 20. nóvember 2023, rúmlega ári áður. Fram kemur í bótamatinu að M ætti rétt á bótum sem nema 2.400 evrur vegna dagpeninga í 60 daga. Með bréfi dags. 10. janúar 2025 til X gerir M kröfu um bætur vegna tímabundins og varanlegs tjóns í samræmi við fyrirliggjandi matsgerð og nefnir að V hafi ekki upplýst á hvaða mati bætur fyrir óvinnufærni í 60 daga voru greiddar. Skoraði M á V að greiða bætur í samræmi við niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar. Með bréfi dags. 6. maí 2025 krefst M enn á ný svara við erindum sínum til X f.h. V og er afrit af bréfinu sent til Fjármálaeftirlitsins. Fyrir nefndinni krefst M þess í fyrsta lagi að hann eigi rétt til dagpeninga úr tryggingu V fyrir tímabilið 2. nóvember 2023 til 2. ágúst 2024. Í öðru lagi að hann eigi rétt til bóta vegna varanlegs líkamstjóns sem metið hefur verið til 42 stiga miska. Til þrautavara krefst M þess að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr tryggingunni vegna varanlegs líkamstjóns. Þá er í málskoti að finna áskoranir á hendur X að leggja fram ýmis gögn og upplýsa um nánar tilgreind atriði.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V aðallega frávísunar málsins frá nefndinni á þeim grundvelli að erfitt sé að skilja kvörtun M, hvaða ákvörðun hann sé að kvarta yfir og hvert kvörtunin beinist. Virðist V sem kvörtunin beinist að váttryggingamiðluninni X. Gerðar séu kröfur um dagpeninga og örorkubætur en ekkert sé tiltekið um fjárhæðir í því efni né vísað til þess að einhver ákvörðun um bótaskyldu hafi verið tekin sem kvartandi sé ósáttur við. Í bréfi sínu fjallar V um hlutverk X í réttarsambandinu þar sem X sé ekki aðili að þeim váttryggingarsamningi sem M hefur í gildi hjá V og upplýsir að X hafi enga heimild til að ákvarða bótaskyldu váttryggingafélags eða gefa neinar upplýsingar um slíka bótaskyldu. Hlutverk X í þessum lögskiptum hafi verið að aðstoða við að koma á váttryggingarsamningi og aðstoða við umsýslu og efndir hans. X sé ekki ábyrgt fyrir efndum slíks samnings. Kvörtun M sé lögð upp líkt og M ætli sér að eiga samskipti og afla upplýsinga um váttryggingarsamning í gegnum Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Þá nefnir V að vandséð sé hvernig ósk M um skýringar á greiðslu sem innt hafi verið á hendi til M eigi heima hjá nefndinni. Hvað ætti nefndin að úrskurða um í því sambandi? Þá hafi V ekki móttakið neina kröfu um greiðslu örorkubóta í máli þessu. Sé gerð slík krafa er M beðinn um að gera það formlega á eyðublaði sem V lætur í té sem nefnist „Tjónstilkynning – varanleg örorka“. Ekkert slíkt eyðublað hafi verið fyllt úr af hálfu M. Með hliðsjón af þessu krefst V frávísunar. Fari svo að málinu verði ekki vísað frá nefndinni nefnir V m.a. að samkvæmt grein 23.1.b. sé tiltekið að váttryggjandi greiði dagpeninga fyrir tímabil sem sé samkvæmt bótatöflu viðbótarslysáttryggingar. Í 23. gr. 1.c. sé tiltekið að dagpeningar séu 1% af gildandi váttryggingarfjárhæð sem í tilfalli M var 40.000 evrur. Í tjónamatinu sé tilgreint að slys M hafi verið heimfært til liðar 53 í töflunni

„Viðbótarslysátrygging – Nauðsynlegur meðferðartími“ þar sem tilgreint sé að fyrir brot á únlið greiði V dagpeninga sem nemur 60 dögum. Þetta hafi V greitt til M og sé þá bótaréttur M til dagpeninga tæmdur. Þá fer V yfir bótarétt vegna varanlegra afleiðinga slyss og segir váttryggingarfjárhæð fyrir 100% örorku vera 40.000 evrur. Hafði V ekki fengið senda fyrirbyggjandi matsgerð fyrr en með málskotsgögnum og hafi í kjölfar málskotsins túlkað það sem svo að M sé að gera kröfu til örorkubóta úr váttryggingunni. Hafi V rétt til þess að taka sér eðlilegan tíma til að taka afstöðu til bótakröfunnar.

Í viðbótarathugasemddum sínum rekur M það að loksins eftir að hafa mánuðum saman hundsáð ítrekuð erindi M hafi V ákveðið að taka rökstudda afstöðu til krafna M. Á tímabilinu frá því M tilkynnti slys sitt til V 25. nóvember 2023 og þar til málið var lagt til nefndarinnar 12. maí 2025 hafi V aldrei óskað eftir frekari gögnum frá M og aldrei svarað fjölmörgum erindum M. Telur M lagaskilyrði ekki standa til þess að vísa úrskurðarkröfu M frá nefndinni. Með hliðsjón af hlutverki X við umsýslu og efndir váttryggingasamnings M og stöðu X sem váttryggingamiðlunar samkvæmt lögum nr. 62/2019 sé óumflýjanlegt að líta svo á að þau erindi sem send hafi verið til X hafi einnig borist V. Mótmælir M því sem röngu að V hafi aldrei borist formleg bótakrafa. M hafi ítrekað óskað eftir afstöðu V til greiðslu bóta á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerðar. Telur M sér óskýlt að krefja V um bætur á tilvitnaðri skriflegri tjónstilkynningu. Þá mótmælir M einnig meintum óskýrleika í málalíðun sínum. Vissulega sé rétt að M gerir ekki kröfu um greiðslu tilgreindra fjárhæða og telur M V í lófa lagið að viðurkenna bótaskyldu sína sem slíka. Um sé að ræða kröfu til viðurkenningar á frekari rétti M til dagpeninga og bóta fyrir varanlegar afleiðingar slyssins. Rekur M það einnig að Seðlabanki Slóvakíu hafi afturkallað starfsleyfi V og segir það vekja upp spurningar um aðildar- og réttshæfi V. Að lokum telur M verulega annmarka vera á bótamati V og telur sig eiga rétt til greiðslu frekari bóta úr hendi V.

Álit.

Fyrir nefndinni gerir V kröfu um frávísun málsins á þeim grundvelli að málalíðun M sé óljós og kvörtun hans beinist að váttryggingamiðluninni X en ekki V. Samkvæmt núgildandi samþykktum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, fellur það undir starfssvið nefndarinnar að fjalla um réttarágreining vegna váttryggingarsamninga sem og annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti. Skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni er að váttryggingafélag hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að nauðsynleg gögn bárust félaginu. Horfa verður til 12. gr. b. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga í þessu samhengi, en þar er kveðið á um skyldu váttryggingafélags til að veita tjónþola fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Þá starfaði X sem váttryggingamiðlun við sölu tryggingarinnar, sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, þar sem fram kemur að dreifing váttrygginga sé starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð váttryggingarsamnings, gera slíkan samning, eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins. X hefur aldrei upplýst M um að hann hefði beint bréfum sínum að röngum aðila og hefur í alla staði komið fram sem milliliður milli M og V. Fyrir nefndinni er því jafnframt ekki haldið fram af hálfu V að erindi M hafi ekki borist félaginu í gegnum X. Erindi M sem send voru X verður því að líta á sem erindi sem jafnframt beindust til V. V brást ekki við ítrekuðum erindum lögmanns M og sinnti þannig ekki upplýsingaskyldu sinni samkvæmt 12. gr. b. Bar V að leiðbeina M um viðeigandi eyðublöð og útskýra hvernig dagpeningar voru ákvarðaðir. Að mati nefndarinnar var þannig til staðar ágreiningur milli aðila sem ekki hafði verið leystur innan fjögurra vikna, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Að öllu framangreindu virtu verður frávísunarkröfu V því hafnað.

Víkur þá að efnislegum ágreiningi aðila í máli þessu. Fyrir nefndinni gerir M í fyrsta lagi kröfu um að fá greidda frekari dagpeninga úr tryggingu sinni hjá V. Samkvæmt 23. og 24. gr. skilmála váttryggingarinnar greiðast dagpeningar í samræmi við bótatöflu sem er hluti tryggingarinnar. Samkvæmt d-lið 24. gr. eru einungis greiddir dagpeningar fyrir lengstu mögulegu meðferð ef váttryggður hefur hlotið alvarlega líkamlega áverka vegna einstaks slyss. Í máli þessu var slysið heimfært til liðar sem kveður á um greiðslu dagpeninga fyrir 60 daga. V hefur þegar greitt M dagpeninga fyrir það tímabil. Í fyrirbyggjandi matsgerð sem M aflaði eru áverkar hans ekki heimfærðir undir þá liði í bótatöflu sem fram koma í skilmálum V um dagpeningagreiðslur. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem styðja það að ekki hafi verið greiddir dagpeningar fyrir lengstu mögulegu meðferð og getur nefndin ekki ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að M eigi frekari rétt til dagpeninga úr tryggingunni en þegar hafa verið greiddir. Því er þeirri kröfu hafnað.

Í öðru lagi gerir M kröfu um viðurkenningu á bótarétti vegna varanlegs tjóns. Varanlegt tjón M er metið til 42 stiga miska í fyrirliggjandi matsgerð. Slikt mat byggir ekki á þeirri bótatöflu sem fram kemur í skilmálum V. Það leiðir þó ekki til þess að réttur til bóta fyrir varanlegt líkamstjón sé útilokaður. Þvert á móti verður að leggja til grundvallar að matsgerðin, sem unnin er á grundvelli íslenskra skaðabótalaga um mat á varanlegum miska, sé fullnægjandi sönnun þess að tjónþoli hafi í slysinu orðið fyrir varanlegu tjóni þ.e. til staðar séu varanlegar afleiðingar slyssins. Í samræmi við skilmála tryggingarinnar skal vátryggingarfjárhæð vegna varanlegrar örorku ákvarðast í hlutfalli við vátryggingarfjárhæð sem nemur 40.000 evrum fyrir 100% varanlega örorku. Mat á 42 stiga miska gefur því tilefni til að ætla að til staðar sé bótaréttur úr tryggingunni vegna varanlegs líkamstjóns, þótt nefndin taki ekki afstöðu til fjárhæðar eða umfangs bóta.

Niðurstaða.

M á rétt til frekari bóta úr líftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir